

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

ÚTSALA

**30% aukaafsláttur
af öllum vörum**

Fótboltaskór barna

(v.6.10 Hr jr - stærðir. 28-38)

Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Útsöluverð:
2.793 kr.

Puma golfskór - dömu

(Jigg Wn's)

Verð: 29.990 kr.
Outlet-verð: 19.990 kr.

Útsöluverð:
13.993 kr.

Puma herrabolir

Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.

Útsöluverð:
2.093 kr.

Puma hlaupajakkar

Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.

Útsöluverð:
4.893 kr.

Puma krakkaskór

Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Útsöluverð:
2.793 kr.

Speedo stelpusundföt

(stærðir 116 - 176)

Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Útsöluverð:
2.793 kr.

Speedo sundbuxur

(stærðir S - XL)

Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Útsöluverð:
2.793 kr.

Puma ungbarnagallar

(stærðir 68 - 104)

Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.

Útsöluverð:
4.893 kr.

Puma hettupeysa junior

(stærðir 128-164)

Verð: 10.990 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.

Útsöluverð:
4.893 kr.

Speedo bikini

(Mirale 2 pce)

Verð: 9990 kr.
Outlet-verð: 2.490 kr.

Útsöluverð:
1.743 kr.

Puma strigaskór

(First round stærðir 36-42)

Verð: 15.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.

Útsöluverð:
3.493 kr.


PUMA
speedo

aðeins í nokkra daga

**SPORT
OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17



Verzlunarmannahelgi, Gay Pride, Menningarnótt. Ágústmánuður fer hamförum.

Heimurinn mun sameinast í djamm

BLÁI MÁNINN

Hvað: Djamm-mánudagur.
Hverjir: Atli, Elías, Úlfur Úlfur, Retrobot, The Young and Carefree og allir hinir.
Hvar: Lebowski bar.
Hvenær: Mánudaginn, 13. ágúst kl. 21:00
Kostnaður: Enginn.

Mynd/ Eggert

Á mánudaginn næstkomandi munu félagarnir **Atli Óskar Fjalarsson** og **Elías Helgi Kofoed Hansen** halda **Bláa mánann** hátíðlegan í þriðja sinn. Þeir reikna með 300 manns enda hefur hátíðin tífaldast á ári hverju.

Fyrir tveimur árum ákváðu félagarnir Atli Óskar Fjalarsson og Elías Helgi Kofoed Hansen að gera sér glaðan dag á mánudegi og nefndu þeir þá stund Bláa mánann. Fyrsta árið fengu þeir einungis frænda Elíasar, Jökul Loga, með sér í lið en í fyrra voru gestir Bláa mánans þrjátíu talsins. „Dagurinn hefur sum sé tífaldast með árunum,“ segir Atli Óskar. „Það ætti því að liggja beinast við að í ár mæti 300 manns á svæðið,“ bætir Elías við.

Strákarnir hafa lagt meira á sig í ár við að gera daginn sem glæsilegastan og hafa fengið flottar hljómsveitir til liðs við sig, búið til Facebook-síðu og bókað skemmtistað fyrir herlegheitin. „Það hefur verið mikill hiti í kringum daginn í ár,“ segir Atli. „Í fyrra vorum við ekki með neinn

Facebook-atburð og við drögum bara nokkra ferðamenn með í teitið,“ bætir hann við. „Núna erum við búnir að bjóða fullt af liði og stemningin er gríðarleg.“

Alþjóðleg hátíð

Að sögn strákanna urðu mikil þáttaskil í öllum undirbúningi í gærdag. „Það er orðið mjög eftirsóknarvert að taka þátt í Bláa mánanum. Það gerðist bara í gær. Þá varð það þannig,“ segir Elías. „Við erum búnir að vera í heilt ár að fá fólk til að spila og tala við staði og allt í einu fattaði fólk að Blái máninn er málið,“ bætir Atli við. „Allt í einu í gær vorum við með nokkra staði sem voru að biðja okkur um að koma og halda Bláa mánann hátíðlegan hjá sér. Svo var

fullt af liði sem vildi allt í einu spila en það var því miður allt upp bókað.“

Atli segir þennan mikla áhuga vera að öllum líkindum vegna þess að fólk er farið að átta sig á því um hvað dagurinn snýst. „Þetta er ekki keppni í djamm eða neitt svoleiðis. Við erum ekkert að metast heldur viljum við bara hafa gaman og ef fólk er góðir djammara þá er það plús. En allir mega fá að skína í tunglsljósinu.“

Þegar talið berst að markmiðum strákanna í framtíðinni stendur ekki á svörum. „Við stefnum á Blue Moon Monday, alþjóðlegt dæmi,“ segir Elías. „Á næsta ári þurfum við að fá 3000 manns. Þetta endar svo með því að allur heimurinn sameinast í alþjóðlegu djamm,“ segir Atli að lokum.

MMM

MONITOR MÆLIR MED...

FYRIR KVIKMYNDARGERÐARMENN

Stuttmyndadagar í Reykjavík fara fram í **Bíó Paradís** dagana 3.-4. september næstkomandi en frestur til að skila inn myndum rennur út 10. ágúst.

Monitor hvetur alla hæfileikaríka kvikmyndargerðarmenn til að skila inn mynd enda 100.000 krónur í verðlaun fyrir bestu myndina. Allar nánari upplýsingar er að finna á stuttmyndadagar.is



FYRIR SKEMMTANAGLADA

Á föstudagskvöld mun **Dj Equal** skjótast frá New York og hingað til Íslands til að spila á **Vegamótum**.

Ekki er þetta þó í fyrsta sinn sem hann heimsækir Klakann því hann er að koma hingað í þriðja sinn enda yfir sig hrifinn af íslensku skemmtanalífi. Þeir sem kunna vel að meta góða tóna eiga því ekki að láta sig vanta á þennan atburð.



FYRIR LITRÍKA

Hin árlega **Gay Pride-ganga** fer fram á laugardag en þar staðfestir hinsegin fólk tilveru sína, sýnileika og gleði. Í ár er stillt upp á Vatnsmýrarvegi, gengið norður Sóleyjargötu, eftir Frikirkjuvegi og Lækjargötu og framhjá Arnarhóli þar sem útítonleikarnir eru haldnir að lokinni göngu. Það verður því mikið um dýrðir í Reykjavík á laugardag.



Vikan á facebook



Halldór Halldórsson
Ef Róbert Gunnarsson færir í gráan overall, þá væri hann alveg eins og nashyrningur. Discuss.

8. ágúst kl. 10:19



Jona Dora Karlsdóttir
Dálítið sérstakt að horfa á "strákana okkar" í amerísku

sjónvarpi undir amerískum lýsendum, sem reyndar halda ekki vatni yfir gengi okkar manna og hversu frábært landslið svona fámenn þjóð á !!

8. ágúst kl. 10:29



Margrét Erla Maack
Jæja. Þá er þvottavélin búin að vera í viðgerð í 6 vikur.

Fyrst týndist hún á verkstæðinu. Svo fannst hún og þá var ljóst að panta þurfti varahlut. Svo kom hann til landsins - brotinn. Maðurinn getur ekki svarað mér hvenær vélin kemur aftur heim. Jæja. Ég geng bara í nærunum á röngunni.

7. ágúst kl. 13:26



Hlynur Júní Hallgrímsson
Ok, gaurinn á verkstæðinu hjá Pfaff er augljóslega sólaráhrif í lífinu. Allir sem fengu þjónustu hjá honum á meðan ég beið fóru út skælbrosandi, þakklátir og hreinlega hvumsa yfir því að slík þjónustulund sé ennþá til. Kæri þjónustukarl, eins og fleiri en einn kúnni komust að orði í dag, 'Þú ert snillingur!'

7. ágúst kl. 13:46

FEITAST I BLAÐINU

4 Mynda-vélin var eini ferðafélagi **Baldurs Kristjánsson** er hann flakkaði um Asíu.



6 Nýtt tísku-blogg lítur dagsins ljós í dag en nokkrir tískumóglar eiga sök á því.



8 Ásgeir Trausti er hæfileikarík tónlistarmaður sem er ekki á Facebook.



13 Malcom og öll hans fjölskylda er enn á lífi þó þættirnir heyri sögunni til.



Efst í huga Monitor

Húrra fyrir handbolta-landsliðinu

Facebook logaði í gær, sjónvarpsskjáir nötruðu og hvert mannsbarn á Íslandi svitnaði. Þó svo að einhver hafi ákveðið að horfa ekki á „strákana okkar“ freista þess að komast í undanúrslitin á Ólympíuleikunum þá gat sá og hinn sami eiginlega ekki komist hjá því. Þjóðin öll stóð á öndinni síðustu tvo klukkutímuna fyrir hádegi í gær.

Það er alveg rosalegt hvað það er auðvelt að lifa sig inn í leikinn, fagna því sem vel fer og blóta því sem miður fer. Mark Zuckerberg hlýtur á ákveðnum tímamarki að hafa sett saman nefnd til að rannsaka óeðlilega margar uppfærslur af íslenskum Facebook-síðum á þessum tíma í gær. Margir létu hörð orð falla í garð landsliðsins og ákveðinna leikmanna á meðan aðrir hrósuðu þeim fyrir vel unnin störf.

Ég held þegar öllu er á botninn hvolft að við getum verið ánægð með frammistöðu piltanna. Það er ekki eins og þeir hafi mætt með hangandi haus í leikinn,

heldur þvert á móti lögðu þeir sig alla fram en það var bara ekki nóg að þessu sinni.

Það eru spennandi tímar framundan hjá landsliðinu því nú mun liðið fá nýjan þjálfara og því verður fróðlegt hvort sá aðili geti haldið áfram að feta sömu sigurbraut og Guðmundur Guðmundsson. Guðmundi og hans aðstoðarmönnum þökkum við fyrir vel unnin störf.

Nú eru augu þjóðarinnar á Ásdísi Hjálmsdóttur. Engin pressa, Ásdís mín, þú setur bara nýtt Íslandsmet aftur og rústar þessu.

Afram Ísland!

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláamenn: Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Sígn Jónsdóttir** (sigyn@monitor.is) **Umbrot:** Rebekka Líf Alberts (rebekka@mbl.is)
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Eggert Jóhannesson (eggert@mbl.is)
Myndvinnsla: Andrea Kristjánadóttir **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



Mælir með geitakjötskúrnum

Ljósmyndarinn **Baldur Kristjánsson** varði megninu af árinu 2010 erlendis þar sem hann flakkaði á milli landa og tók myndir af alls kyns fólki. Myndir frá ferðalaginu verða til sýnis á ljósmyndasýningunni **Austur fyrir fjall** sem verður opnuð í kvöld.

Baldur á vefnum
 heimasíðan: baldurkristjan.is
 myndböndin: vimeo.com/baldurkristjans
 ferðalagið: baldurkristjans.tumblr.com

BALDUR Á KALA PATTHAR.
 „BESTA AUGNABLIKID.“

FJÖLSKYLDA Í VIETNAM



„ÉG VAR AÐ FARA Á MILLI BÆJA Á MÓTORHJÓLI OG STOPPAÐI HJÁ ÞESSARI FJÖLSKYLDU. ÞAU VORU ÖLL SILKISLÖK NEMA GAMLA SEM VAR EKKI JAFN STÓISK OG HIN.“

„Þetta hefur blundað í mér lengi. Myndavélin var minn eini ferðafélagi og stór hluti ferðarinnar snerist um að skjalfesta það sem fyrir augu bar,“ segir Baldur Kristjánsson ljósmyndari sem í kvöld opnar ljósmyndasýninguna **Austur fyrir fjall** þar sem 40 myndir frá heimsreisu hans verða til sýnis. Sýningin verður staðsett utandyra á göngugötu Skólavörðustígs sem nær frá Bergstaðastrætunni og niður á Laugaveg. „Ég verð með svokallaða umhverfis-portretta til sýnis, myndir sem sýna alvöru-fólk frá Asíulöndunum í alvöru-aðstæðum,“ segir Baldur sem lagði upp í reisu á Þorláksmessu árið 2009 og kom heim eftir verslunarmannahelgi árið 2010.

Á flakki sínu kom Baldur víða við og heimsótti hann Indland, Nepal, Tíbet, Kína, Vietnam, Kambódíu, Bandaríkin, Kanada, Svíþjóð, Danmörku og endaði svo á því að fara hálfhring í kringum Ísland. Á meðan á ferðalaginu stóð tók Baldur ógrýnni af myndum en þó stóð það ekki alltaf til að úr yrði ljósmyndasýning. „Það var í raun ekki fyrr en ég kom heim og leit yfir allar myndirnar að ég fór að hugsa út í þetta. Það kom ekkert annað til greina en að gera þeim góð skil,“ segir Baldur sem segir þetta einn af lokapáttunum í að enda ferðalagið.

Sýningin mun standa fram yfir Menningarnótt en myndirnar verða svo til sölu á heimasíðu Baldurs, baldurkristjans.is

KRAKKAR Í TÍBET



„ÞESSI ER EIN AF UPPÁHALDSLOKSINS FENGUM VIÐ LEYFI TIL AÐ SKOÐA EITTHVAÐ ANNAD EN HOF Í TÍBET.“



BALDUR ÁSAMT JONINA DE LA ROSA OG GUÐMUNDI KRISTJÁNI AÐ GERA ALLT KLÁRT

VEIÐIMAÐUR Á INDLANDI



„HANN TÓK DÁGÓÐAN TÍMA Í SPJALL OG SMELLI Í EINA RÁNDÝRA PÓSU.“

Bakpokafلاكkið í hnotskurn

Geggaðasti gaurinn: Astrali sem ég hitti í Tíbet. Hann var með samsæriskennningar um allt. Það var magnað að hlusta á hann. Síðasta kvöldið áður en leiðir skildu þá tjáði hann mér að hann væri með blæti fyrir því að stunda mök með dýrum.

Athyglisverðasta fólkið: Fólkið í Vietnam. Það var svo yfirvegað og eitthvað svo ótrúlega indælt án þess að reyna það. Allir voru svo sáttir með lífið og voru ekki að stressa sig á einu né neinu.

Fallegasta umhverfið: Tíbet. Ég fór þangað í vikutúr en Kínverjar hafa mjög strangt eftirlit með öllum ferðamönnum svo ég sá umhverfið bara í einhverri myndflugumynd í gegnum bílrúðu. En það fór ekki á milli mála að umhverfið og mannlífið var magnað.

Besta upplifunin: Þegar ég stóð á Kala Patthar í 5550 metra hæð og toppurinn á Everést speglaðist í sólgleraugunum mínum.

Besti maturinn: Masala dosa, geggaður réttur sem ég fékk á Indlandi.

Versti maturinn: Geitakjötið sem ég borðaði í bakhúsi í Kathmandu í Nepal. Ég endaði á því að fá massíva matareitrun og þurfti að leggjast inn á spítala. Það eina jákvæða við það var að ég léttest um fimm kíló á þremur dögum. Þannig að ég mæli með geitakjötskúrnum fyrir fólk sem vill missa kíló.



Til hamingju!



GLACÉAU
vitaminwater
fáðu þér



Allir helstu tískubloggarar landsins sameina krafta sína

Bloggsíðan **trendnet.com** verður opnuð klukkan níu í kvöld. Þar sameinast allir helstu tískubloggarar landsins undir sama hatti ásamt tveimur nýjum bloggum. **Stíllinn** hitti á krakkana sjö og spjallaði við þá um síðuna, hvað hún mun bjóða uppá og hvað hver bloggari hefur til málanna að leggja.

Á trendnet.com er hægt að lesa blogg frá sjö mjög ólíkum bloggum. Hver og einn hefur sitt sérsvið og gerir það lesefnið því mun fjölbreyttara og skemmtilegra. Fimm af bloggurunum eru virkustu bloggarar landsins í dag og ættu margir að þekkja síðurnar þeirra. Þau fengu svo til liðs við sig ljósmyndara og módel sem bæði eru að blogga í fyrsta sinn, en þau hafa verið að gera mjög skemmtilega hluti á sínum sviðum. Hópurinn lofar mikilli virkni og verður að hægt að fylgjast með síðunni á facebook, twitter og instagram.



ERNA HRUND SÉR UM FÖRÐUN OG HÁRGREIÐSLU



HELGI ER EINN EFNILEGASTI TÍSKULJÓSMYNDARINN Í DAG

HELGI SNÆR ÓMARSSON

Fyrstu sex í kennitölu: 030691

Staða: Ljósmyndari og förðunarfræðingur

Þrjú orð sem lýsa þér best:

Geðgóður, valkvíðinn, nautnaseggur.

Fyrrum bloggsíða?

Þetta er fyrsta alvöru-bloggsíðan mín.

Uppáhalds litur?

Jarðlitir.

Hver er Helgi? Fjölskyldusinnaður smábæjarstrákur, klassískur tvíbur, alltaf á ferð, ævintýragjarn, kettlingur, vingjarnlegur og vitlaus í tælenskan mat.

Hvert er þitt sérsvið?

Ljósmyndun, herratískan og herra lífstíll.

Hver myndir þú segja að væri þinn markaðshópur?

Strákarnir, mennirnir – og strákastelpurnar.

Hvert sækir þú helst innblástur?

Það kemur í bylgjum, uppá síðkastið hef ég mikið verið að sækja innblástur í anatómíuna. Annars kviknar oft eitthvað í manni þegar maður surfar um á netinu.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?

Í rauninni bara að halda uppi mínu bloggi, hafa eitthvað fyrir strákana, þar sem hinir bloggararnir eru aðeins meira í kvennmannsdeildinni og auðvitað stelpurnar líka til að skoða. Svo myndaði ég alla bloggarana fyrir bloggin þeirra, það var æðislegt.

Áttu þér sjálfur upphalds bloggsíðu?

Ég er mikið búinn að vera á tumblr, þar sér maður alltaf eitthvað sem veitir manni einhvern innblástur. The Fashionisto er ofarlega og svo hef ég vandræðalega gaman af þessum gif-síðum, lífiðeryndislegt og berglind festival og allt það.

Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?

Ef fólk hefur áhuga á tísku, lífstíl, hugmyndum og sveisleis þá er þetta tilvalin síða til að skoða og fylgjast með. Einnig af því þetta er mikil ástríða hjá okkur öllum. Þetta liggur allt mjög djúpt í okkar áhugasviðum, svo við erum ekki bara að skrifa til að skrifa, þetta er virkilega okkar ástríða. Það mun skila sér á síðunni.

HILDUR RAGNARS

Fyrstu sex í kennitölu: 190789

Staða: Verslunarstjóri í Gallerí Sautján.

Þrjú orð sem lýsa þér best:

Lítill krúttleg snilld

Fyrrum bloggsíða?

www.hilag.com

Uppáhalds litur?

Grár og army grænn.

Hver er Hilrag?

Bloggari, verslunarstjóri, freelance stíllisti, instagramfíkill og cupcake fanatic.

Hvað er þitt sérsvið?

Inspiration-póstar og instálíf.

Hver myndir þú segja að væri þinn markaðshópur?

Enginn sérstakur. Fyrir alla sem hafa gaman af fallegum myndum og skemmtilegri tísku.

Hvert sækir þú helst innblástur?

Fallegum ljósmyndum, tónlist, kvikmyndum og fólki í kringum mig.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?

Það er enginn okkar með sérstakt hlutverk, held ég. Erum öll með mjög mismunandi blogg og ólíkan stíl sem er mjög skemmtilegt.

Áttu þér sjálf upphalds bloggsíðu? Mjög erfitt að velja á milli, en ég held ég verði að segja oracle fox.

Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?

Frábær leið til að sjá og fylgjast með íslensku bloggssamfélagi.



ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR

Fyrstu sex í kennitölu: 060587

Staða: Ein af stofnendum trendnet.is, mamma, handboltafrú, viðskiptafræðinemi, búðarapari, stíllisti, tískuunnandi og bloggari.

Þrjú orð sem lýsa þér best:

Framtakssöm, lífsglöd, tilfinningavera.

Fyrrum bloggsíða?

elisabetgunnars.com

Uppáhalds litur?

Fer eftir skapi, árstíð og anda.

Hver er Elísabet Gunnarsdóttir?

25 ára viðskiptafræðinemi sem í næstu viku flytur frá Svíþjóð til Frakklands ásamt fjölskyldunni til að takast á við ný ævintýri sem handboltafrú. Síðustu árin hef ég haldið mig í sænskum verslunum Íslendingum til halds og trausts sem persónulegur stíllisti ásamt því að halda úti bloggi og verslun.

Hvert er þitt sérsvið?

Ég er með puttann á púlsinum varðandi hvað er til hverju sinni í búðunum og reyni að deila því með lesendum. Ég reyni líka að vera ég sjálf og persónuleg og hef trú á að lesendur kunni að meta það.

Hver myndir þú segja að væri þinn markhópur?

Síðustu árin hef ég eignast tryggan lesendahóp. Hann spannar frá 13 ára forvitnum "fashionistum" til miðaldra mæðra – ég myndi því segja að hann væri mjög breiður og mér þykir mjög vænt um það.

Hvert sækir þú helst innblástur? Frá fólki.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?

Ætli mitt hlutverk sem bloggari á Trendneti sé ekki að halda mínu striki í skrifum og leyfa lesendum að fylgjast með hvað drífur á daga mína í nýju landi. Ég pósta persónulegum póstum í bland við innblástur frá tískurísam, tímaritum og verslunum. Sitt lítið af hverju.

Áttu þér sjálf upphalds bloggsíðu?

Ég á nokkrar upphalds sem ég heimsæki reglulega með morgunkaffinu. Elin Kling, Amlul og Columbine eru þær sem ég hef fylgst lengst með.


Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?

Af því að það er svo hjartanlega velkomið. Ég veit líka að ef þau kíkja við einu sinni þá kíkja þau aftur og aftur og aftur ...





**ELÍSABET BIÐUR
UM HEIMSFRIÐ
ÁSAMT ÞVÍ AÐ
SENDA STUTT
SÍMSKILABOÐ**



**ANDREA RÖFN
JONASDÓTTIR**

Fyrstu sex í kennitölu: 150292
Staða: Nýstúdent og fyrirsæta
Þrjú orð sem lýsa þér best:
Metnaðarfull, brosmild og forvitin
Fyrrum blogggsíða?
Ég er nýliði í bloggheiminum
Uppáhalds litur?
Blár

Hver er Andrea?
Nýstúdent úr Verzló, algjör Vesturbæingur og KR-ingur. Ballerína að upplagi sem stundaði píanónám í heila eilífð og hef í dag áhuga á tísku, íþróttum og finnst gaman að vera á flækingsi.

Hvert er þitt sérsvið?
Tíska, lífið og ferðalög.

Hver myndir þú segja að væri þinn markaðshópur?
Stelpur á mínum aldri og yngri, en líka allt fólk sem hefur áhuga á því að fylgjast með mér og því sem ég er að gera.

Hvert sækir þú helst innblástur?
Aðallega í umhverfið og á netið. Líka í tiskublöð í þau fáu skipti sem ég sest niður og skoða þau.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?
Ég blogga aðallega um það sem á daga mina drífur, myndatökur, tísku og það sem veitir mér innblástur þá stundina.

Áttu þér sjálf upphálds blogggsíðu?
Áður en síðan var opnuð kíkta ég reglulega á þá sem blogga með mér á Trendnet.

Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?
Til að skoða tísku, fá innblástur og sjá hvað er í gangi hjá mér hverju sinni. Einnig tel ég Trendnet vera skemmtilega nýjung og þar ættu allir tiskuunnendur að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

**ERNA HRUND,
HERMANNSDÓTTIR**

Fyrstu sex í kennitölu: 271089
Staða: Makeup-artisti, bloggari, social media-ráðgjafi og móttökustjóri
Þrjú orð sem lýsa þér best:
Þrjósök, opin og hárfögur
Fyrrum blogggsíða?
reykjavikfashionjournal.com
Uppáhalds litur?
Fjólublár

Hver er Erna Hrund?
Verðandi mamma er líklega það sem lýsir mér best þessa stundina. En flestir þekkja mig líklega sem eBay-sérfræðinginn.

Hvert er þitt sérsvið?
Förðunin og eBay, ætli ég komi ekki sterkust þar inn.

Hver myndir þú segja að væri þinn markhópur?
Allt frábæra fólk sem er búð að vera að fylgjast með síðunni minni frá því hún var opnuð og fólk sem á eftir að uppgötva hana.

Hvert sækir þú helst innblástur?
Alls staðar í kringum mig, í tímaritum, á netinu, í bókum en einna helst líklega frá sjálfri mér, fólkinu næst mér og þeim sem eiga leið hjá.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?
Ætli ég komi ekki sterk inn sem förðunarbloggarinn.

Áttu þér sjálf upphálds blogggsíðu?
Ég held að Trendnet verði mín upphálds héðan í frá. Annars fylgist ég með bloggum alls staðar að úr heiminum í gegnum bloglovin.com og það er alveg ómögulegt fyrir mig að velja bara nokkur úr öllum þeim fjölda.

Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?
Því þar getur það fengið smá-innsýn inni hugarheim, líf og starf makeup-artista með brennandi áhuga og skoðanir á tísku sem hana langar að deila með umheiminum.

**PATTRA
SRIYANONGE**

Fyrstu sex í kennitölu: 260887
Staða: Húsmóðir/bloggari/leikkona
Þrjú orð sem lýsa þér best:
Spontant, lífsglöð og þrjósök
Fyrrum blogggsíða?
www.pattrascolset.blogspot.com
Uppáhalds litur?
Vínrauður

Hver er Pattra?
Tískusjúklingur sem lifir flakkaralífi sem fótboltafrú í augnablikinu.

Hvað er þitt sérsvið?
Tíska, persónulegur stilli, daglegt líf, ferðalög og matarást. Þar sem ég elska að elda og geri það nánast daglega þá mun ég vera dugleg að deila því áhugamáli með lesendum og það kemur fyrir að ég elda á háum hællum, ætli maturinn sé ekki bara betri þannig.

Hver myndir þú segja að væri þinn markaðshópur?
Konur á öllum aldri sem elska tískuna og tilveruna.

Hvert sækir þú helst innblástur?
Aðallega frá götutískunni, Instagram, tiskubloggum og tímaritum.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?
Við erum öll mismunandi og ótrúlega ólík. Hver og einn hefur því sitt eigið hlutverk og mitt kemur örugglega betur í ljós þegar á líður.

Áttu þér sjálf upphálds blogggsíðu?
www.manrepeller.blogspot.com Stórskemmtileg og léttgæggjuð dama hér á ferð.

Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?
Vegna þess að það hefur gaman af því að fylgjast með stelpu sem er ávallt hún sjálf, suma dagar betur klædd en aðra og er meira að segja smá-hnyttin af og til.

**SVANA LOVÍSA
KRISTJANSDÓTTIR**

Fyrstu sex í kennitölu: 090686
Staða: Vöruhönnuður, blaðamaður og bloggari
Þrjú orð sem lýsa þér best:
Hugmyndarík, hreinskilinn og hress
Fyrrum blogggsíða?
www.svartahvitu.blogspot.com
Uppáhalds litur?
Svartur

Hver er Svana?
Ég er 26 ára Hafnfirðingur og hönnuður búsett í 101 með Andrésí kærasta mínum til 9 ára. Ég er útskrifuð frá Listaháskóla Íslands sem vöruhönnuður en 2 ár af náminu nam ég við Design Academy Eindhoven. Ég starfa í dag hjá Húsum og hífylum, SPARK Design space og blogga líka fyrir Epa. Ég er algjör fagurkeri og finnst fátt jafn skemmtilegt og að kaupa mér nýja hluti.

Hvert er þitt sérsvið?
Ég hef mjög mikinn áhuga á hönnunareftirlíkingum og þæli mikið í slíku, annars er mitt sérsvið eflaust hönnun og heimili.

Hver myndir þú segja að væri þinn markaðshópur?
Konur og karlar á öllum aldri sem hafa áhuga á fallegum heimilum, hönnun og hugmyndum fyrir heimilið.

Hvert sækir þú helst innblástur?
Mér finnst æðislegt að setjast á kaffihús og fletta nýjum tímaritum, þá helst RUM, Elle interior og Euro-woman, einnig les ég fánlegt magn af blogggsíðum og fæ mikinn innblástur þaðan.

Ert þú með sérstakt hlutverk á síðunni?
Það er allt voða frjálst, ég mun bara halda áfram að deila fallegum myndum til lesenda eins og áður.

Áttu þér sjálf upphálds blogggsíðu?
Ég gæti aldrei valið bara eina, ég er alltaf að eignast nýjar upphálds, en þær sem kíkka aldrei eru t.d theselby.com, thecoveteur.com, boligmagasinet.dk ásamt sænsku fasteignasölu fantastikfrank.se.

Hvers vegna ætti fólk að kíkja inn á síðuna?
Til að vera með puttann á púlsinum.



**ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER RITSTÝRA
SÍÐUNNAR OG HEFUR UNNIÐ HÖRÐUM
HÖNDUM SÍÐUSTU MÁNUÐI.**



**PATTRA TEKUR DRESSMAN
PÓSIÐ FYRIR MYNDAVÉLINA**



**NÓG AÐ GERA
HJÁ KRÖKKUNUM**

„Get samið tónlist hvenær sem er“

Ásgeir Trausti Einarsson hefur hrifið tónlistarunnendur um allt land upp úr skónum með lagasmíðum sínum og söng en tvö af vinsælli lögum sumarsins eru úr hans fórum: **Leyndarmál** og **Sumargestur**. Ásgeir er sveitastrákur sem er ekki á Facebook, leiðist að tala í síma og á það til að villast í höfuðborginni. Þá á hann rúmlega sjötugan föður sem semur lagatexta fyrir hann. „Það er skemmtilegt samstarf fyrir alla,“ segir Ásgeir.

Frumssamin tónlist Ásgeirs Trausta Einarssonar hefur slegið í gegn í sumar og lög hans Sumargestur og Leyndarmál eru með vinsælustu lögnum á útvarpsstöðvunum. Rödd hans er sérstaklega falleg og eitthvað einstaklega grípandi við lögin.

Ásgeir er ekki nema rétt liðlega tvítugur en hefur þó samið tónlist í áratug. Þetta hæfileikatól kemur úr fjölskyldu þar sem listrænir hæfileikar fyrirfinnast víða. Móðir hans syngur og spilar á orgel og píanó og faðir hans spilar á harmonikku og semur ljód. Eldri bróðir hans er Steini, Þorsteinn Einarsson, í Hjálmmum og systkini hans öll eru meira eða minna í tónlist. Skemmtilegt er að segja frá því að á væntanlegri plötu Ásgeirs, *Dýrd í dauðapögn*, á faðir hans, Einar Georg Einarsson, eina sjö lagatexta. Ásgeir á ekki erfitt með að semja lag – mun erfðara segist hann eiga með að muna allt sem hann hefur búið til. Þá er hann sveitastrákur sem er tryggur sinni heimabyggð en hann er Vestur-Húnavetningur. Þannig ætlar hann í vetur að keyra á Hvammstanga til að kenna krökkunum þar á trommur og gítar nokkrum sinnum í viku en hann mun einnig eiga fullt í fangi með að fylgja eftir sólóplötunni þannig að dagskráin verður þétt.

Texti: Júlía Margrét Alexandersdóttir
Myndir: Eggert Jóhannesson

julia@mbl.is
eggert@mbl.is

Hvernig kom það til að þú slóst í gegn og hvað heldurðu að það sé í tónlist þinni sem gerir hana svona áheyrilega? Það er erfitt að segja. Ég gæti trúað að þetta sé almenningsvæn tónlist í grunninn. Ekki mjög erfitt að hlusta á hana og ef til vill er það plús að hafa íslenska texta. Það er auðvelt að muna laglínurnar. Nei, ég bjóst ekki við því að ég væri að fara að hefja neinn sólóferil þegar ég fór í Hljómskálann með lagið Sumargestur og ég er þínu hissa á viðbrögðunum. Þetta var allt mjög tilviljana-kennt en mér finnst samt gott að láta hlutina ráðast smám saman en gera ekki of flókin plön. En það er besta tilfinning í heimi að flytja tónlist.

Hvaðan ertu?

Ég hef búið víða. Fyrstu árin bjó ég í Hrísey en fluttist svo til Húsavíkur og bjó þar frá 5-6 ára aldurs. Þá sótti ég Reykjaskóla í Hrutafirði í tvö ár og fluttist þar á eftir í Garðinn og bjó þar í ár og stofnaði hljómsveit sem... jú það er rétt sem þú heyrðir... ég eyddi öllum vetrinum í að finna rétt nafn á. Hún endaði á því að heita Fantastic Power. Við vissum hvað Power þýddi og fundum Fantastic í orðabók. Svo var rífast um hver ætti að spila á hljóðfæri. En sem sagt, eftir að hafa búið í Garðinum í ár fluttum við á Laugarbakka í Miðfirði þegar ég var um tíu ára aldur og þar búa foreldrar mínir enn þann dag í dag og ég reyni að fara eins oft til þeirra og ég get.

Miðað við allt virðist vera að heimilið hafi verið líflegt og listrænt?

Já, það má segja það. Það var og er mikil tónlist á heimilinu. Mamma spilar á orgel og píanó og syngur mikið, pabbi á harmonikku og svo eru systkini mín öll meira og minna í tónlist þótt sum hafi lagt hana meira fyrir sig eins og Steini bróðir minn í Hjálmmum. Það var alltaf einhver tónlist í gangi. Mamma þrjónaði mikið og ég teiknaði heil ósköp og pabbi hefur samið mikið af ljóðum. Hann á til dæmis sjö lagatexta á væntanlegri plötu minni.

/// Ég gæti trúað að þetta sé almenningsvæn tónlist í grunninn. Ekki mjög erfitt að hlusta á hana

Er þægilegt að vinna svona náíð með föður sínum?

Já, algjörlega. Mamma og pabbi eru bæði kennarar og pabbi er mikill íslenskumaður. Þetta eru flottir textar, vel upp settir og það er gott að þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessum hluta og geta einbeitt sér að tónlistinni. Jú, hann bæði hlustar á lögin og semur textana út frá þeirri hlustun og stundum kem ég með hugmyndir sem hann vinnur með. Þetta er bara skemmtilegt samstarf fyrir alla.

Þú fluttir í bæinn til að fara í menntaskóla þegar þú varst 16 ára, hvernig lífsreynsla var að fara svona snemma að heiman?

Það var svo sem ekkert skrytið að fara í bæinn í framhaldsskóla. Það er það sem maður gerir í sveitinni og fólk þekkir ekkert annað. Enda keyrði ég líka alltaf heim um helgar til pabba og mömmu þótt það hafi svo smám saman minnkað með aldrinum enda er líka

mjög mikið að gera núna við að spila um helgar. En ég naut alltaf mikils stuðnings frá foreldrum mínum sem studdu mig með húsnæðið í bænum og ég leigði með systur minni sem er aðeins eldri. En það er vissulega svolítið öðruvísi að búa í sveit en í borg. Maður einhvern veginn þekkir alla og allir eru vinir manns, hvar sem maður er í svona litlum samfélögum. Þar er líka oft mikil samheldni en auðvitað hefur þetta sína kosti og galla.

Þú átt flotta menntun að baki í tónlistinni, hefur meðal annars lokið 7. stig í gítarleik. Var tónlistinni haldið að þér eða kom þetta ósjálfrátt?

Nei, það þurfti ekki að halda henni að mér, ég hef alltaf tekið tónlistina fram yfir allt. Ég hef samið lög frá því að ég var 10 ára og jafnvel þótt ég hafi haft mikinn áhuga á öðru, eins og íþróttum, og náð góðum árangri í því þar gekk tónlistin alltaf fyrir. Hún var bara eðlilegur hluti af tilverunni. Gítarnámið er svo mjög góður tæknilegur grunnur. Ég plokka í öllu mínu spili í stað þess að nota gítarnögl og kann að nota neglurnar og það er svona margt sem hjálpar mér. Nota ég ekki „tjúner“? Nei, mér finnst það óþægilegt, það er nú eiginlega bara þess vegna. Ég stíllí frekar eftir eyranu því mér finnst gítarstillar ekki nógu nákvæmir.

Lagasmíði þín þykir einkar melódísk og hefur slegið í gegn. Áttu auðvelt með að semja tónlist?

Já, það má eiginlega segja það. Hins vegar er það þannig að ég á líka mjög auðvelt með að gleyma því sem ég sem og ég held að um 80 prósent af því sem ég hef samið sé grafið og gleymt. Ég hef jafnvel lent í því að Daníel Trausti Róbertsson vinur minn sem ég hef spilað nokkuð með man lög sem ég hef gert þegar ég var yngri en mig rámar varla í. Ég þyrfti eiginlega að hafa upp-tökubúnað á veggnum þar sem ég gæti bara ýtt á einfaldan takka til að taka upp þegar sá gállinn er á manni svo þetta endi ekki bara í ógleyminu.



ÁSGEIR

Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex:
010792



Upphaldsmatur:
Bláberjakakan
hennar mömmu



Upphalds-
íþróttamaður:
Jan Zelezny,
heimsmethafi í
spjótkaсти



Upphaldsstaður
í heiminum: Þar
sem kærastan er.

Upphaldstónlistarmaður:
Justin Vernon.

Æskuátrúnaðargoð: Kurt
Cobain. Ég hlustaði bara á Kurt
Cobain þegar ég var lítill og við
söfnuðum plötunum hans.

Versti ótti: Að missa heyrnina.

Helsti kostur: Að svara alltaf
í símann.

Síðasta sem ég...

Síðasta *borg* sem
ég heimsótti sem ég
heimsótti fyrir utan
landsteinana: Santa Cruz,
höfuðborg Tenerife.



Síðasti
veitingastaður
sem ég börðaði á:
Höllabátum. Þar fékk ég
mér hamborgara.



Síðasta *biómynd*
sem ég horfði á: The Dark
Knight rises.



Síðasta *húsvork*
sem ég innti af hendi: Ég
vaskaði upp.



Síðasta skipti sem ég
sagði einhverjum að mér
þætti *vænt* um hann: Í
gær við kærustuna mína.



Síðasta skipti sem ég
taraðist: Ég
man það ekki.



viðtalið

Skýndilega fór bíllinn að hristast til og bifreiðin rann af stað. Ég horfði á mömmu og pabba skelfingu lostinn í gegnum rúðuna þar sem ég þeystist framhjá þeim í engu belti."

Þegar svona margar hugmyndir kvikna – er þá ekkert erfitt að sigta út og finna hvað það er sem þú heldur að muni virka og hvað ekki?

Nei, ég er enga stund að finna út úr því. Ég get samið tónlist hvenær sem er en það er ekki það sama og að ég sé ánægður með hana. Ég veit um leið hvað af efninu er gott og hægt að vinna meira með og hvað ekki. Hins vegar lendir maður stundum í einhvers konar ritstíflu, hjá mér getur það gerst að í tvær vikur get ég ekkert samið. Ég bið þá bara í nokkra daga og finn að þetta tímabil líður hjá. Þetta er bara eitthvað sem gerist og ég þekki þetta ferli mjög vel því ég er búinn að semja tónlist í svo ótal mörg ár. Ekkert við þessu að gera nema bíða og eftir smátíma getur maður aftur samið.

Monitor hefur heimildir fyrir því að þú hafir verið athafnasamt barn og uppátækjasamt. Ekki nóg með að þú eigir unglingamet í spjótkastrí heldur hafi þér líka tekist að hvolfa bíl aðeins nokkurra ára gömlum fram af Húsavíkurfjalli?

Já, það er reyndar rétt þetta með fjallið. Við fjölskyldan fórum alltaf í sunnudagsbíltúr upp á Húsavíkurfjall – ég, pabbi, mamma og systir mín sem er tveimur árum eldri. Systir mín fékk að taka mynd af Húsavík ofan af fjallinu en ég mátti það ekki því ég var of ungur, eða svoleiðis er það að minnsta kosti í minningunni. Ég varð svo reiður að þar sem ég sat einn inni í bíl fór ég að fíka í öllu. Skýndilega fór bíllinn að hristast til og bifreiðin rann af stað. Ég horfði á mömmu og pabba skelfingu lostinn í gegnum rúðuna þar sem ég þeystist framhjá þeim í engu belti. Ég var hins vegar mjög heppinn því þrátt fyrir að bíllinn hafi lent á grjóti og svo ofan í á fékk ég bara smá-skurð og örfá spor sem þurfti að sauma. Hvað íþróttirnar varðar þá var ég mikið í frjálsum íþróttum og valdi þar að lokum spjótkastrí sem mína grein. Það má segja að ég hafi alist að miklu leyti upp með Helgu Margréti frjálsíþróttakonu og var með sama þjálfara og hún, Guðmund Hólmur Jónsson. Það var svolítið sniðugt að hann var líka fyrsti gítarkennarinn minn og hvatti mig því áfram bæði í íþróttunum og tónlistinni. Guðmundi Hólmari á ég mjög margt að þakka. Hann kom mér líka

í það að fara að gera eitthvað með tónlistina mína núna í vor. Þegar ég var 16 ára var ég kominn í Tónlistarskóla Sigursveins þar sem ég lærði hjá Páli Eyjólfssyni. Þá var ég hins vegar farinn að finna það mikið fyrir meiðslum að ég varð að leggja spjótíð á hilluna. Lyftingar eru hins vegar næst á dagskrá og ég vonast til að hafa tíma til að stunda kraftlyftingar en ég hef verið með hálfgerða kraftadellu frá því að ég var krakki.

Hvenær kemur sólóplatan þín út og hverjir vinna að henni?

Hún kemur út eftir tvær vikur. Ég hef að mestu leyti unnið verkefnið með Kídda, Guðmundi Kristni Jónssyni í Hjálumum, en svo koma ýmsir menn að því að spila inn á plötuna. Má þar nefna Sigurð Guðmundsson á hljómborði og bassa, Kristni Snæ Agnarsson á trommum, Inga Björn Ingason á bassa og Steini bróðir hefur líka hjálpað mikið. Þá eru blásarar Samúel Jón Samúelsson, Kjartan Hákonarson og Óskar Guðjónsson. Platan er jú kannski eitthvað í svipuðum dúr og lögin sem hafa komið út en þetta er samt mjög fjölbreytt tónlist. Það er engin ein stefna og lögin eru mismunandi. Mér fannst aðalatriðið að platan yrði skemmtileg.

Þú hefur líka vakið athygli með hljómsveit þinni The Lovely Lion. Hentar þér að vera bæði í hljómsveit og vinna einn?

Já, eins og er allavega. Þetta er öðruvísi upplifun og gaman að vera í hljómsveit með krökkum á sínum aldri. Þetta er allt önnur nálgun og gaman að prófa hvort tveggja. Ég vona að það haldi bara þannig áfram. En annars finnst mér mjög gaman að spila með öðrum.

Við félagarnir eigum það til að gera það með stuttum fyrirvara að ákveða slíkt.

En hvernig líður þér í borginni? Áttu kærustu og er það rétt að þú hafir ekki fundið Reykjavíkurlugvöll um daginn?

Já, ég veit ekki mikið hvað varðar staðsetningar! Maður er ennþá að reyna að finna út úr því sjálfur hvar sjálfsagðir staðir eins og flugvöllurinn eru. Ég að vísu vissi hvar hann var en hafði ekki hugmynd um hvernig maður færi að honum og svo var þetta svo mikið stress, átti að vera löngu mættur á flugvöllinn. Við vorum í stressi hringsólandi í kringum völlum, sem var alltaf bara um fimmtíu metra frá okkur. Ég á kærustu en við erum bæði Vestur-Húnavetningar og búum saman í bænum. Hún heitir Tinna Rós Sigurðardóttir og syngur talsvert líka.

Hvernig verður dagskráin í vetur?

Veturinn verður helgaður tónlistinni og svo verð ég að kenna krökkum á gítar og trommur á Hvammstanga en ég hef mjög gaman af kennslunni. Ég kláraði stúdentspróf í vor. Ég vona bara að það verði tryllt að gera í tónlistinni við að fylgja eftir sólóplötunni. Þannig að veturinn mun mikið til fara í að keyra á milli og kenna og spila þess á milli í bænum. Annars er ég þannig að ég læt hlutina svolítið ráðast. Þetta hefur gengið vel án þess að ég sé of mikið að spá í því þannig að þetta má allt ráðast bara svolítið mín vegna.

Að lokum. Hvernig stendur eiginlega á því að þú ert ekki á Facebook?

Mig hefur aldrei langað það. Ég er svo hræddur um að maður verði háður þessu fyrirbæri og það fari of mikill tími í þetta, mér sýnist það svona hjá fólkinu í kringum mig með sem er á þessu. Jú, það er reyndar líka rétt að mér finnst svolítið leiðinlegt að tala í símann. Segjum bara að þá fari meiri tími í það sem skiptir máli. En nei, það er ekki á dagskrá að skrá sig á Facebook.

Sumargestur

Fuglinn minn úr fjarska ber

fögnuð vorsins handa mér.

Yfir höfin ægi-breið

ævinlega – flýgur rétta leið.

Tyllir sér á græna grein

gott að hvíla lúin bein

ómar söngur hjartahlýr

hlusta ég á – lífsins ævintýr.

Fús ég þakka fuglinn minn

fyrir gleði-boðskapinn

þessa ljúfu tæru tóna - tóna

Þegar haustar aftur að

af einlægni ég bið um það

að mega syngja sönginn þinn

sumargestur – litli fuglinn minn.

Fús ég þakka fuglinn minn

fyrir gleði-boðskapinn


þessa ljúfu tæru tóna - tóna.

Þú átt athvarf innst í sál

ó að ég kynni fuglamál

skyldi ég lag á lúftgítarinn þrjóna.

Lagatextinn við vinsæla smellinn Sumargestur er eftir föður Ásgeirs; Einar Georg Einarsson.



HVAÐ ER RAUNVERULEGT?

VILTU
VINNA
MIÐA?

COLIN FARRELL JESSICA BIEL KATE BECKINSALE

TOTAL RECALL

KOMIN Í BÍÓ!

SENDU SMS SKEYTIÐ

ESL TOTAL

Á NÚMERIÐ **1900**

OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:

BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

 **sená**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/TOTALRECALL

**9. HVER
VINNUR!**
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

**SMS
LEIKUR**

Douglas Quaid: „If I am not me, then who the hell am I?“
Total Recall (1990)



VILTU VINNA MIÐA?



Monitor ætlar að gefa miða á **Total Recall** fylgstu með ...
[facebook.com/monitorbladið](https://www.facebook.com/monitorbladið)



I SPOR
ARNOLDS

FRYMSÝNING VIKUNNAR

Total Recall

Douglas Quaid er ósköp venjulegur maður sem vinnur í verksmíðju og á sér ágætt líf ásamt hinni fögru eiginkonu sinni, Lori. Samt er eins og eitthvað vanti og stundum finnst Douglas eins og líf hans sé of venjulegt. Hann langar í meiri spennu. Dag einn ákveður hann að heimsækja fyrirtækið Rekall, en það sérhæfir sig í að senda fólk í hugarferðalag hvert sem það vill fara þótt staðreyndin sé að ferðalagið er bara blanda af draumi og ímyndun þess sem í það fer. Douglas ákveður að skella sér í hugarferðalag en þegar

Leikstjóri: Len Wiseman.
Aðalhlutverk: Colin Farrell, Kate Beckinsale, Jessica Biel, Bokeem Woodbine, Ethan Hawke, Bill Nighy, John Cho, Will Yun Lee og Bryan Cranston.
Lengd: 121 mínúta.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.

verið er að setja ferðalag hans af stað verður einhvers konar bilun í búnaðinum þannig að hann fer hvergi. Þess í stað á hann allt í einu fótum sínum fjör að launa á flóttu undan útsendum yfirvalda sem vilja greinilega þagga niður í honum fyrir fullt og allt. Douglas er þessi atburðarás algjörlega hulin ráðgáta því hann veit ekki til þess að hann hafi gert nokkuð af sér. Hvað er að gerast? Getur verið að Douglas sé í raun að upplifa atburðarásina eins og hún er eða er þetta kannski allt saman ímyndun eða draumur?

KVIKMYND

McConaughey í nýju ljósi

Emile Hirsch leikur ungan mann sem skuldar nokkrum fautum slatta af pening. Hann fær þá flugu í höfuðið að fá Killer Joe (Matthew McConaughey) til að myrða móður sína. Hún er líftryggð fyrir dágóða summu sem myndi koma honum út úr vandræðunum. Að sjálfsgöðu fer planið ekki eins og hann ætlaði og hefst því atburðarás sem er full af ofbeldi og húmor. Mér fannst Killer Joe ansi góð og vel þess virði að horfa á. Hún er ansi gróf og húmorinn er kolsvartur sem gerir hana enn betri. Leikararnir standa fyrir sínu og er frekar sérstakt að sjá McConaughey í þessu hlutverki. Snarruglaður sækjandi sem drepur fyrir pening og er hrifinn af ungum stelpum í þokkabót. Ekki beint sá McConaughey sem maður á að þekkjja.



einnig frábær. Hún sjálf er 23 ára og var skrítið að sjá hana leika 12 ára stúlku svona auðveldlega. Thomas Haden Church stal þó sviðsljósinu að mínu mati og voru allar senur með honum hápunktur myndarinnar. Hann og Hirsch léku feðga og náðu þeir hrikalega vel saman. Það mæðir þó mest á McConaughey og eins áður hefur komið fram var hann virkilega góður. Eitthvað hefur verið talað um óskarstilnefningu en ég á reyndar erfitt með að sjá það gerast. Ég var mjög ánægður með þessa mynd því það er alltaf gaman að sjá myndir sem fara nýjar leiðir og koma manni á óvart. Söguþráðurinn er ekki flókinn er hvernig þetta kom allt saman í lokin var virkilega vel gert.

Church stelur senunni
 Leikarar myndarinnar eru allir virkilega góðir. Emile Hirsch er leikari sem ég hef alltaf haft mikið álit á og ég skil ekki af hverju maður sér hann ekki meira. Juno Temple er ung leikkona sem ég hef ekki séð mikið af en hún var



TÓMAS LEIFSSON

KILLER JOE



AÐRAR FRUMSÝNINGAR

Brave

Merida prinsessa er óstýrilát dóttir og góður bogmaður. Einn daginn ákveður hún að bjóða helgum venjum konungsríkisins birginn og veldur með því titringi í konungsríkinu. Til að koma hlutum í samt lag aftur leitar Merida hjálpar hjá sérviturri gamalli konu og fær hjá henni eina óheillaósk.



Leikstjórn: Mark Andrews og Brenda Chapman.
Aðalhlutverk: Kelly McDonald, Billy Connolly og Emma Thompson.
Lengd: 100 mínútur.
Aldurstakmark: Öllum leyfð.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri, Selfossi, Keflavík, Laugarásbíó og Smárabíó.



Seeking a Friend for the End of the World

Heimsendir verður eftir þrjár vikur og Dodge kys að eyða síðustu dögumum í að hafa uppi á æskuástinni. Nágranni hans, Penny, þráir hins vegar heitast að komast til fjölskyldu sinnar sem býr í Englandi. Þau ákveða að hjálpa hvort öðru að láta síðasta drauminn rætast og halda í viðburðaríkt ferðalag.



Leikstjórn: Lorene Scafaria.
Aðalhlutverk: Steve Carell, Keira Knightley og Adam Brody.
Lengd: 101 mínúta.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Kringlunni.



Hvar eru þau í dag?

Malcom í miðri fylgdi mörgum okkar lengi en hvarf svo af sjónarsviðinu. Leikararnir eru þó enn á lífi.



Hal (pabbinn)

Leikinn af: Bryan Cranston.
Hvar er hann nú? Eftir að þáttunum lauk náði Bryan Cranston sér í nokkur smáhlutverk í sjónvarpsþáttum eins og til dæmis *How I Met Your Mother*. Árið 2008 markaði tímamót í ferli leikarans en það ár var hann fenginn til að taka að sér hlutverk hins þjákaða efnaræðikennara í sjónvarpsþáttunum *Breaking Bad*. Bryan hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir frammistöðu sína í þáttunum og er án efa farsælasti leikarinn úr *Malcolm In The Middle*.

Malcolm

Leikinn af: Frankie Muniz.
Hvar er hann nú? Hinn ofurkrúttlegi Frankie átti góðan sprett eftir að hafa leikið Malcolm og lék meðal annars í kvikmyndunum *Big Fat Liar* og *Agent Cody Banks*. Núna tekur hann að sér stöku hlutverk í sjónvarpsþáttum en kappakstur á hug hans allan og hefur þessi efnilegi leikari snúið sér að atvinnumennsku í þeirri grein.

Lois (mamman)

Leikin af: Jane Kaczmarek.
Hvar er hún nú? Jane hefur leikið í fjölmörgum sjónvarpsþáttaröðum og má þar helst nefna *Whitney*, *Simpsons* og *Wilfred*. Hún hefur ekki verið áberandi síðan *Malcolm In The Middle* lauk og virðist ferill hennar hafa verið á niðurleið síðan. Aðdáendur leikkonunnar geta þó beðið spenntrir eftir kvikmyndinni *Lost On Purpose* sem kemur út seinna á árinu en þar fer Jane einmitt með aðalhlutverkið.

Reese



Leikinn af: Justin Berfield.
Hvar er hann nú? Það eina sem Justin hefur komið nálægt í skemmtanabransanum síðan hann hætti í *Malcolm In The Middle* er þáttaröðin *Sons Of Tucson* sem kom út árið 2010. Justin framleiddi þættina ásamt því að vera einn af hugmyndasmiðum þeirra. Handrit er helst til kunnuglegt en þeir segja einmitt frá þremur bræðrum sem gera hvert þakkarastrikið á fætur öðru. Aðeins var framleidd ein sería af *Sonum Tucson* og fékk hún virkilega slæma dóma.

Dewey

Leikinn af: Erik Per Sullivan.
Hvar er hann nú? Litli Dewey er orðinn tvítugur en hefur lítið sem ekkert verið í sviðsljósinu. Erik hefur ekki ákveðið að leggja leiklistina fyrir sig á fullorðinsárum en hefur þó tölsett teiknimyndir af og til.

Francis

Leikinn af: Christopher Masterson.
Hvar er hann nú? Líkt og Jane hefur Christopher tekið að sér hin ýmsu hlutverk í sjónvarpsþáttum og ber þar helst að nefna *White Collar* þættina. Einnig hefur hann fengið stöku hlutverk í kvikmyndum en annars er lítið að fréttu af kauða.



Tískugoð og töffari

Ofurskvísan **Nicole Richie** gerir sjaldan mistök þegar kemur að fatavali. Hún er alltaf töff og flott til fara og ekki skemmir fyrir hvað hún er sæt. **Stíllinn** tók saman nokkur dress hjá stjórnunni.



HÉR ER GLÆSILEG STJARNAN, ÓLÉTT OG SÆL



ALGJÖR TÖFFARI Í RAUÐUM LEDURJAKKA OG MEÐ HÁRIÐ SLEIKT AFTUR



AFSLÖPPUÐ OG TÖFF MEÐ HÚFU, SÓGLERAUGU OG Í STÓRRI, VÍÐRI PEYSU



NICOLE ER SÉRSTAKLEGA FALLEG Í ÞESSUM GLÆSILEGA KJÓL OG MEÐ FLOTT HÁRSKRAUT



STÓRGLÆSILEG Á H&M-VÍÐBURÐI



NICOLE GENGUR MIKIÐ Í SÍÐUM OG HIPPALEGUM KJÓLUM ENDA FER ÞAÐ HENNI EINSTAKLEGA VEL



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tónlist.is og **FM957** kynna

Ert þú á
leiðinni að sjá
Lady
Gaga?

LADY GAGA



Prófaðu **Tónlist.is** og þú gætir verið á leiðinni á stórtónleika með **Lady Gaga í London.**

Farðu inn á **Tónlist.is** og skráðu þig í fría prufuáskrift - Engin skuldbinding.

Aukavinningur: **Tveir flugmiðar frá WOW Air** - Kíktu á [facebook.com/Tonlist](https://www.facebook.com/Tonlist)

